

**1** að telja það alveg víst, að fyrir tímabilið eftir 6. marz 1909 hafi engin lækni-  
 9. jan. hjálparreikningur komið fram. Nú var umræddum þurfaling eigi veittur styrkur fyrir en 18. s. m., enda sést eigi, að hann hafi beiðst þess fyrir. Allur lækni-  
 hjálparkostnaðurinn hefir því verið fallinn á áður en fátækrastyrkurinn var veittur og verður kostnaður þessi þá að teljast persónuleg skuld þurfalingsins við hlutaðeigandi lækni, en slík skuld er framfærslusveitinni óviðkomandi. Það skiftir eigi máli í þessu efni, þótt hreppsnefnd Keflavíkurhrepps kunni að hafa gengið í ábyrgð fyrir læknishjálpi þessari, því að hafi hún gengið í ábyrgðina áður en nokkur læknishjálpi var veitt, eða áður en aðsjónargerð var framkvæmd eða samtímis henni tekið að sér ábyrgð á veittri læknishjálpi, er sú ábyrgð ólögleg gagnvart framfærslusveitinni, þar sem ábyrgðin verður að teljast sveitarstyrkur, en löglegur undirbúningur eigi hafður. Hafi hreppsnefndin hinsvegar gengið í ábyrgð fyrir væntanlegri læknishjálpi samtímis eða eftir að aðsjónargerð var framkvæmd hjá þurfalingnum, er sú ábyrgð þýðingarlaus, þar sem eigi er krafist borgunar fyrir slíka hjálpi eftir þann tíma.

Keflavíkurhreppur getur því eigi fengið endurgoldið neitt af hinni umþrættu læknishjálpi.

Því úrskurðast:

Helgustaðahreppi ber eigi að endurgjalda Keflavíkurhreppi neinn hluta umræddra 35 kr. 90 aur.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

**2**  
 10. jan. **Bréf stjórnarráðsins til sjáslumannsins í Árnessýslu um sveitfesti þurfalings.**  
 Í öndverðum desembermánuði 1908 var Þórði Magnússyni og Ingibjörgu Jónsdóttur, sem þá bjuggu saman ógift á Tjörn í Stokkseyrarhreppi, eftir löglegan undirbúning veittur 44 kr. 6 aur. fátækrastyrkur úr hreppssjóði dvalarhrepps þeirra, sérstaklega til framfærslu 4 óskilgetnum börnum þeirra á aldrinum 1—11 ára. Þegar styrkur þessi var veittur, var Ingibjörg sveitlæg í Holtamannahreppi hinum forna í Rangárvallasýslu, en Þórður í Rangárvallahreppi í sömu sýslu, og sneri hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps því kröfum sínum útaf styrkveitingunni til þessara hreppa, en kröfur þessar komust aldrei lengra en til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, með því að hreppsnefnd Rangárvallahrepps tjáði honum, sem og var rétt, að einhverjir ættingjar þeirra Ingibjargar og Þórðar hefðu endurgoldið Stokkseyrarhreppi hinn veitta styrk. Hreppsnefnd Holtamannahrepps hins forna virðist því eigi hafa fengið vitneskju um styrkveiting þessa fyrir en síðar.

Hinn 2. des. 1909 var Ingibjörgu aftur veittur 25 kr. fátækrastyrkur í Stokkseyrarhreppi. Var þá maður sá, sem hún hafði búið með, andaður, enda

var hann veikur, þá er þeim var veittur styrkurinn í desember árið áður. Þegar hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps krafðist endurgjalds á  $\frac{2}{3}$  hins veitta styrks, neitaði Holtamannahreppur hinn forni að greiða hið umkrafða, með því að hin fyrri styrkveiting Ingibjargar hefði verið ólögleg og hún á tímabilinu milli styrkveitinganna hefði unnið sér sveit í Stokkseyrarhreppi. Þetta leiddi til þess, að sýslumaður Rangárvallasýslu kvað upp úrskurð í málinu 22. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að hin fyrri styrkveiting Ingibjargar væri ólögleg, með því að hún hefði á þeim tíma er styrkurinn var veittur verið hjú Þórðar og að hann hefði sem heimilisfaðir verið skyldur til að framfæra hana og börnin til næsta vinnuhjúaskildaga. Styrkinn í desbr. 1908 hefði því átt að telja veittan Þórði einum, og sé Ingibjörg því sveitlæg í Stokkseyrarhreppi, sem þess vegna gæti eigi fengið endurgoldið neitt af hinum framlagða styrk. Við þessi úrslit hefir hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps eigi getað unað og því áfrýjað úrskurðinum með erindi, dags. 3. okt. f. á., sem fylgdi bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. nóv. s. á., og krafist þess, að Ingibjörg verði úrskurðuð sveitlæg í Holtamannahreppi hinum forna og að hann verði skyldaður til að greiða  $\frac{2}{3}$  hins veitta styrks, 25 kr. Hin önnur skjöl málsins hefir sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu sent hing- að með bréfi, dags. 10. f. m.

Eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í málinu um samband þeirra Þórðar og Ingibjargar, verður eigi á það fallist, að rétt sé að telja kvenmann þenna hjú Þórðar á þeim tíma er styrkurinn var veittur, en þó að svo væri og þótt svo yrði litið á, að oftnefndur Þórður hefði með samningi skuldbundið sig til gagnvart barnsmóður sinni að framfæra börnin til næsta vinnuhjúaskildaga, verður hinn áfrýjaði úrskurður samt að teljast rangur, þarsem faðir barnanna, sökum veikinda eða af öðrum ástæðum gat eigi uppfyllt þann samning og engin skylda eða heimild er til fyrir framfærslusveitir að uppfylla slíka samninga þurfa sinna á kostnað hreppssjóða. Það hefði því verið alveg rangt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps að veita barnsföðurnum einum styrkinn, sem fyrst og fremst hefir verið veittur til framfærslu barnanna, en lagaleg skylda til að framfæra þau hvíldi sérstaklega á móðurinni, þarsem engar upplýsingar liggja fyrir um, að meðlag barnsföður hafi verið löglega ákveðið, og þótt svo hefði verið, eru eftir atvikum engin líkindi til, að hann hefði orðið skyldaður til að greiða alt meðlagið með öllum börnunum og hefði framfærsla þeirra því samt sem áður að einhverju leyti, gegnvart hinu opinbera, hvílt á móðurinni og þegar hana þraut efni, framfærslusveit hennar.

Styrkurinn í desember 1908 verður eftir hinu framangreinda að teljast löglega veittur Ingibjörgu og hefir þessi styrkveiting því, samkvæmt 32. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905, rofið sveitfestisdvöl hennar í Stokkseyrarhreppi. Og með því að hinni síðari styrkveitingu hefir í engu verið mótmælt, ber framfærslusveit hennar að greiða  $\frac{2}{3}$  hluta styrksins samkvæmt 63. gr. sömu laga.

Því úrskurðast:

Ümrædd Ingibjörg Jónsdóttir skal teljast sveitlæg í Holtamannahreppi

2 hinum forna og ber hreppsnefnd þess hrepps að greiða hreppsnefnd Stokkseyrar-  
10. jan. hrepps  $\frac{2}{3}$  hins óendurgoldna styrks með 16 kr. 67 aur.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps.

3 Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um framfærslu  
11. jan. óskilgetins barns.

Þér hafið, herra sýslumaður, með bréfi, dags. 16. nóv. f. á., sent hingað erindi hreppsnefndar Geithellnahrepps, þarsem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 25. ágúst s. á., um ágreining milli sín og hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps útaf meðlagi með óskilgetnu barni Petru Jónsdóttur, sem viðurkend er sveitlæg í Geithellnahreppi

Eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í skjölum málsins, er barn þetta fætt 12. febr. 1909 og hefir móðir þess lýst föður að því norskan mann, I. Tengs, sem var farinn burt héðan af landi þegar barnið fæddist, og hefir eigi síðan heppnast að fá vitneskju um verustað hans. Hinn 31. maí 1909 beiddist barnsmóðirin aðstoðar hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps, sem var dvalarsveit hennar, til að koma barninu fyrir, en bauð að greiða meðlag að sínum hluta. Dvalarsveitin virðist svo hafa komið barninu fyrir fardagaárið 1909—1910 og krafði síðan framfærslusveitina um þann hluta meðgjafarinnar, sem móðirin greiddi eigi, en þessi hluti var 60 kr. fyrir téð ár. Þessa upphæð neitaði hreppsnefnd framfærslusveitarinnar að greiða, af því að engin skýrsla hefði verið tekin af barnsmóðurinni samkvæmt 64. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905. Ennfremur heldur hún því fram til vara, að hún sé undir engum kringumstæðum skyld til að greiða nema  $\frac{2}{3}$  hinnar umkröfðu meðgjafar. Málið var því lagt undir úrskurð yðar og var sá úrskurður kveðinn upp 25. ág. f. á., eins og áður er sagt. Í honum hafið þér komist að þeirri niðurstöðu, að framfærslusveitinni beri að endurgjalda Eskifjarðarhreppi alla hina umkröfðu upphæð, sökum þess, að styrkur þessi sé veittur vegna föðursins samkvæmt 9. gr. 2. lið nefndra laga og þá sé eigi skylt að taka skýrslu þá, sem ræðir um í 64. gr. sömu laga.

Á þessa skoðun yðar verður þó eigi fallist. Hinn umprætti styrkur getur eigi verið veittur samkvæmt 9. gr. 2. lið fátækralaganna, því að ákvæði þeirrar greinar eiga einungis við þegar meðlag er ákveðið á þann hátt, sem sjálf greinin mælir fyrir um, en eins og sést af hinu framangreinda er um ekkert slíkt ákveðið meðlag að ræða í þessu máli, enda meira að segja óvist, hvort hinn tilnefndi maður gengst við faðerni barnsins. Hið opinbera hefir því í þessu máli enn sem komið er eigi kröfu til framfærslu barnsins nema gagnvart móður þess og gagnvart framfærslusveit hennar þegar hún getur eigi greitt framfærslukostnaðinn. Allur fátækrastryrkur til framfærslu barnsins er því enn sem komið er fátækrastryrkur veittur móður þess. Um styrkveitingu vegna barnsföður getur